

er þar eiga húseignir að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Sé um óeðlilega vegalengd að ræða, skal sveitarsjóður leggja til rör frá lóðarmörkum, en húseigandi greiði kostnað við lögn.

3. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi sveitarfélagsins varða, svo sem nýlagnir, viðhald og endurbætur skulu unnin af aðila er hreppsnefnd felur þau. Er óheimilt að leggja ræsi í aðalræsið, nema að fengnu leyfi þessa aðila og undir umsjón hans, er mönnum og skylt að hlíta í öllu fyrirmælum hans, um gerð og lögn ræsisins og annað þess háttar, er máli skiptir í sambandi við það.

4. gr.

Kostnaður við holræsagerð hreppsins greiðist úr sveitarsjóði. Til þess að standa straum af kostnaði skal hver húseigandi greiða sveitarsjóði tengigjald, er hann tengir hús sitt holræsakerfi hreppsins. Tengigjald þetta ákveður hreppsnefnd árlega. Tengigjald skal greitt eða um það samið áður en tengingin við aðalræsið er leyfð.

Þá skal og hver húseigandi greiða árlegt holræsagjald í sveitarsjóð, er nemi 0.1% af fasteignamati húss og lóðar þó aldrei lægra en kr. 2 000.00.

Heimilt er hreppsnefnd að hækka eða lækka gjöld skv. þessari grein um allt að 50 af hundraði, án sérstaks samþykkis ráðuneytis.

5. gr.

Húseigendum ber að greiða holræsagjaldið og bera þeir einir ábyrgð á greiðslu þess. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveði í fasteigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sanningsveði að aðfararveði. Gjaldalagi holræsagjalda er 15. janúar ár hvert.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 10 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. nóvember 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um gatnagerðargjöld B í Akraneskaupstað.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Næstu 8 árin frá staðfestingu þessarar reglugerðar skal bæjarstjórn hafa heimild til lækkunar á gjöldum, er hún tekur til, um allt að 50%, í þeim hluta bæjarins, sem eðlilegt getur talist, miðað við fyrri gatnagerðarframkvæmdir bæjarins.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 5. nóvember 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 396.

11. nóvember 1976.

S A M Þ Y K K T

um afgreiðslutíma verslana í Ólafsvík.

1. gr.

Samþykkt þessi tekur til hvers konar smásöluverslana í Ólafsvík, þ. á m. sölu-turna, brauð- og mjólkurbúða.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru: Lyfjabúðir vegna sölu lyfja, bensínsölu, að því er snertir sölu á bensíni, olíu, smurólíum og vörum til bifreiða, sjálfsalar, blaðasala á götum, merkjasala og annað slíkt.

Hreppsnefnd getur með samþykki ráðherra ákveðið, að fyrirmæli þessarar samþykktar taki að nokkru eða öllu leyti til afgreiðslutíma annarra fyrirtækja sem hafa þeim viðskipti við almenning t. d. rakarastofa, hárgreiðslustofa, ljósmyndastofa, viðgerðarverkstæða o. s. frv.

Um daglegan vinnutíma og önnur starfskjör fólks, sem vinnur í starfsgreinum þeim, sem samþykkt þessi tekur til, fer eftir hlutaðeigandi kjarasamningum og venjum, er tíðkast hafa í hverri grein.

Ef ágreiningur ris um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps ágreiningsefnið að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra, og er úrskurður hans endanlegur.

2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, skal vera sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykktinni.

Virka daga skal heimilt að opna sölustaði kl. 8.00, og loka skal þeim eigi síðar en kl. 18.00.

Á þriðjudögum og föstudögum skal heimilt að halda öllum sölustöðum opnum til kl. 22.00.

Á laugardögum skal heimilt að halda sölustöðum opnum til kl. 12.00, fyrsta laugardag í desember má þó halda sölustöðum opnum til kl. 16.00, en aðra laugardaga í þeim mánuði til kl. 18.00 og síðasta laugardag fyrir jól til kl. 22.00.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24.00.

3. gr.

Brauðbúðir mega vera opnar kl. 8.00—18.00, virka daga nema laugardaga, en þá skal lokað eigi síðar en kl. 16.00. Á sunnudögum og eins öðrum dögum, er taldir eru í B-lið 6. gr. skal lokað eigi síðar en kl. 16.00.

Afgreiðslutími mjólkurbúða skal vera hinn sami og afgreiðslutími almennra verslana.